

Fundur í skólaráði 28. maí 2019

Mættir: Rannveig Halldórsdóttir, Kristín Oddsdóttir, Sveinbjörn Orri Heimisson, Sigrún Aðalheiður Aradóttir, Olga Veturliðadóttir, Guðmundur Kristjánsson, Petra Hólmgímsdóttir og Elfa Hermansdóttir.

Þar sem síðasti fundur féll niður vegna fjarveru margra skólaráðsmanna var dagskrá þess fundar tekin líka á þessum fundi.

1. Rekstraráætlun fyrir 2019 kynnt.
2. Sjálfsmat skólans kynnt, en skólinn er í fyrsta sinni að vinna með Gæðagreina og birtast niðurstöður þeirrar vinnu í innra mats skýrslu skólans fyrir þetta skólaár.
3. Símenntunaráætlun kynnt. Nú eru allir skólar Ísafjarðarbæjar með sameiginlega símenntunaráætlun. Helstu áherslur fyrir skólaárið 2019-2020 er kennsla í fjölmenningu, teymiskennsla og stefnt er að því að viðhalda þekkingu starfsmanna á uppbyggingarstefnunni. Allt starfsfólk skólans fer á árinu 2019 á skyndihjálparnámskeið Rauða krossins sem og námskeið um öflugt sjálfstraust í haust.
4. Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs – gengur vel og búið að ráða alla kennara. Auglýsa þarf eftir stuðningsfulltrúum og skólaliðum. (Eftir að fundurinn var haldinn kom í ljós að auglýsa þarf eftir kennurum í 1,8 stöðugildi).
5. Skóladagatalið kynnt aftur. Drög að skóladagatali voru kynnt í febrúar en nú er dagatalið kynnt eins og það var samþykkt.
6. Húsnæðismál og framkvæmdir. Útboð vegna viðgerða á myglu í gráa húsinu verða opnaðar 12. júní og stefnt er að þeim ljúki innanhúss 20. ágúst.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir